

## Utanríkisverslun með vörur 2007

### Samantekt

Árið 2007 voru fluttar út vörur fyrir 305,1 milljarð króna fob en inn fyrir 395,2 milljarða króna fob, 427,4 milljarða króna cif. Halli var því á vöruskiptum við útlönd sem nam 90,1 milljarði króna fob en 158,5 milljarða króna halli var árið 2006. Verðmæti útflutnings jókst um 25,7% frá fyrra ári á verðlagi hvors árs en innflutningur dróst saman um 1,1%. Sjávarafurðir voru 41,8% alls útflutnings og jókst verðmæti þeirra um 2,6% frá fyrra ári, iðnaðarvörur voru 38,9% alls útflutnings og jókst verðmæti þeirra um 27,5%. Stærstu vöruflokkar innflutnings voru hrá- og rekstrarvörur með 26,7% hlutdeild, fjárfestingavörur með 21,5% hlutdeild og flutningataeki með 20,5% hlutdeild. Í krónum talið varð mestur samdráttur í innflutningi á fjárfestingavöru. Mest var flutt inn frá og út til Evrópska efnahagssvæðisins, EES, 78,4% útflutnings fór þangað og 64,6% innflutnings kom þaðan. Stærstu viðskiptalönd voru Holland í útflutningi, 21,3% af heild, og Bandaríkin í innflutningi, 13,5% af heild.

*Útflutningur 305,1 milljarður  
fob og innflutningur  
427,4 milljarðar cif*

### Vöruskiptajöfnuður

Í töflu 1 er sýnd þróun utanríkisverslunar áratuginn 1998–2007. Innflutningur er hér sýndur á cif-verði en útflutningur á fob-verði, eins og hefð er fyrir í birtingu talna um utanríkisverslun. Á árinu 2007 nam verðmæti vörúútflutningsins í heild 305,1 milljarði króna fob á móti 427,4 milljarða heildarvöruinnflutningi cif. Þetta þýdir að útflutningur umfram innflutning á árinu 2007 var neikvæður um 122,3 milljarða. Samkvæmt þessum maelikvarða hefur verið halli á utanríkisversluninni allan þennan áratug. Hallinn hefur verið mismikill eða frá um 1,6% af útflutningsverðmæti árið 2002, upp í 78,0% árið 2006. Hallinn á vöruskiptunum var 40,1% árið 2007, 61,5% árið 2005 og 28,7% árið 2004.

**Tafla 1. Utanríkisverslun árin 1998–2007**

	Í millj. kr. á verðlagi hvers árs			Útflutt umfram innflutt í % af útflutningi
	Útflutt fob	Innflutt cif	Útflutt umfram innflutt (fob-cif)	
1998	136.592	176.072	-39.480	-28,9
1999	144.928	182.322	-37.394	-25,8
2000	149.273	203.222	-53.949	-36,1
2001	196.582	220.874	-24.292	-12,4
2002	204.303	207.608	-3.305	-1,6
2003	182.580	216.525	-33.945	-18,6
2004	202.373	260.431	-58.058	-28,7
2005	194.355	313.855	-119.500	-61,5
2006	242.740	432.106	-189.366	-78,0
2007	305.096	427.383	-122.287	-40,1



### Vöruskiptajöfnuður óhagstæður


Vöruskiptajöfnuður er reiknaður út frá fob-verði bæði innflutnings og útflutnings. Innflutningur fob nam 395,2 milljörðum króna og var vöruskiptajöfnuðurinn 2007 því óhagstæður um 90,1 milljarð. Í töflu 2 kemur fram að vöruskiptajöfnuðurinn fob við útlönd hefur verið hagstæður einu sinni á síðustu tíu árum, árið 2002 1,6% af vergri landsframleiðslu á verðlagi hvers árs. Hallinn var mestur, 13,6% af vergri landsframleiðslu, árið 2006. Árið 2007 var halli 7,0% af vergri landsframleiðslu. Á mynd 1 má sjá vöruskiptajöfnuð sem hlutfall af útflutningi og vergri landsframleiðslu og á mynd 2 má sjá þróun útflutnings fob, innflutnings fob og vöruskiptajafnaðar fob.

**Tafla 2. Vöruskiptajöfnuður árin 1998–2007**


Í millj. kr.	Á verðlagi hvers árs		Á föstu verðlagi ársins 2007 <sup>1</sup>		Vöruskiptajöfnuður		
	Útflutt fob	Innflutt fob	Útflutt fob	Innflutt fob	Á verðlagi hvers árs	Á föstu verðlagi ársins 2007 <sup>1</sup>	Hlutfall af VLF, %
	1998	136.592	162.062	214.519	259.069	-25.470	-44.550
1999	144.928	167.778	212.514	259.883	-22.850	-47.368	-3,61
2000	149.273	187.276	221.775	282.281	-38.003	-60.506	-5,56
2001	196.582	203.083	272.344	339.968	-6.501	-67.624	-0,84
2002	204.303	191.205	265.512	331.306	13.098	-65.795	1,60
2003	182.580	199.512	240.074	322.251	-16.932	-82.177	-2,01
2004	202.373	240.160	243.631	335.055	-37.787	-91.423	-4,07
2005	194.355	288.895	234.245	321.937	-94.540	-87.692	-9,21
2006	242.740	401.201	296.895	382.353	-158.461	-85.458	-13,57
2007	305.096	395.155	305.096	395.155	-90.059	-90.059	-7,04

<sup>1</sup> Miðað við breytingar á magnvísítolum útflutnings og innflutnings sem eru reiknaðar út frá verðvísítolum samkvæmt einingarverðum úr tollskrárnúmerum.

**Mynd 1. Vöruskiptajöfnuður (fob-cif) sem hlutfall af útflutningi og vöruskiptajöfnuður (fob-fob) sem hlutfall af vergri landsframleiðslu**




**Mynd 2. Utanríkisverslun 1985–2007**



Mynd 3 sýnir hlutfall útflutnings og innflutnings vöru af vergri landsframleiðslu yfir 47 ára tímabil. Þar sést að hlutdeild útflutnings og innflutnings hefur lengst af verið um og yfir fjórðungur af landsframleiðslu og hefur heldur farið lækkandi hin síðari ár. Þó jókst hlutdeild innflutnings árin 2004–2006 en minnkaði aftur árið 2007 auch þess sem hlutdeild útflutnings var kominn niður fyrir fimmtung árið 2005 en hefur hækkað árin 2006 og 2007. Því hærrí hlutdeild sem utanríkisverslun hefur af landsframleiðslu því opnara er hagkerfið talið. Þar sem hlutdeild vörubiðskipta hefur lengst af verið í kringum fjórðung af landsframleiðslu bendir það til þess að þegar litið er á vörubiðskiptin eingöngu þá sé hagkerfið ekki að verða opnara. Þjónustubiðskiptin við útlönd hafa hins vegar stóraukist. Sveiflur í gengi geta einnig skekkt þennan samanburð einstök ár.

**Mynd 3. Útflutningur og innflutningur í hlutfalli við verga landsframleiðslu 1960–2007**



*Útflutningur og innflutningur  
jókst á föstu gengi*

## Verð- og magnbreytingar 2006–2007

Verðmæti vöruútflutnings jókst um 27,9% frá árinu 2006 til 2007 og verðmæti innflutnings fob jókst um 0,2% þegar tekið hefur verið tillit til 1,7% lækkunar á meðalverði erlends gjaldeyris á milli ára, eins og sést í töflu 3. Verðmæti sjávarafurða jókst um 4,4%, reiknað á sama gengi bæði árin, og verðmæti iðnaðarvara jókst um 29,7%. Aukning varð í innflutningi á neysluvöru, hrá- og rekstrarvöru og mat- og drykkjarvöru en samdráttur varð í innflutningi á fjárfestingavöru og flutningatækjum.

**Tafla 3. Verðmæti útflutnings og innflutnings og breytingar á föstu gengi árin 2006 og 2007**

	2006	2007	Breytingar frá fyrra ári á föstu gengi, <sup>1</sup> %
<b>Útflutningur alls fob</b>	<b>242.740,0</b>	<b>305.095,8</b>	<b>27,9</b>
Sjávarafurðir	124.375,0	127.618,6	4,4
Landbúnaðarvörur	4.335,0	3.496,3	-17,9
Iðnaðarvörur	93.020,3	118.580,6	29,7
Aðrar vörur	21.009,7	55.400,4	•
<b>Innflutningur alls fob</b>	<b>401.201,5</b>	<b>395.154,7</b>	<b>0,2</b>
Matvörur og drykkjarvörur	23.162,3	25.843,1	13,5
Hrávörur og rekstrarvörur ót.a.	96.905,4	102.251,7	7,4
Eldsneyti og smurolífur	34.661,1	35.138,9	3,2
Fjárfestingarvörur (þó ekki flutningatæki)	96.448,3	85.827,5	-9,4
Flutningatæki	93.321,6	83.933,4	-8,5
Neysluvörur ót.a.	56.277,0	61.810,0	11,8
Vörur ót.a. (t.d. endursendar vörur)	425,8	350,2	-16,3
<b>Vöruskiptajöfnuður</b>	<b>-158.461,5</b>	<b>-90.058,9</b>	•

<sup>1</sup> Miðað er við meðalgengi á vöruviðskiptavog. Á þann mælikvarða er meðalverð erlends gjaldeyris 1,7% lægra mánuðina janúar–desember 2007 en sömu mánuði fyrra árs.

*Útflutningsverð og  
innflutningsverð hækkuðu,  
viðskiptakjör við útlönd  
versnuðu*

Í skýrslum Hagstofunnar um utanríkisverslun eru tölur fyrra árs umreiknaðar til meðalgengis líðandi árs til þess að eyða áhrifum gengisbreytinga á verðmætistörlur. Aðgreining verðmætisbreytinga milli verð- og magnbreytinga fæst hins vegar ekki nema með útreikningi verðvísitalna. Ein leið er að reikna verðvísítölur samkvæmt einingaverðum úr tollskrárnúmerum. Þetta er gert í töflu 4 og samkvæmt þeim útreikningum hækkaði útflutningsverð í krónum um 2,5% frá árinu 2006 til 2007 og innflutningsverð hækkaði um 2,7% árið 2007 miðað við árið á undan. Viðskiptakjörin við útlönd versnuðu því um 0,2% frá árinu 2006 til ársins 2007.

Í krónum talið varð verðmæti „almenns“ vöruútflutnings 12,9% hærra árið 2007 en árið áður og útflutningsverð hækkaði á sama tíma um 2,5%. Að raungildi jókst því vöruútflutningur um 10,2% frá 2006 til 2007. Verðmæti „almenns“ innflutnings fob jókst um 2,3% í krónum frá fyrra ári, innflutningsverð hækkaði um 2,7% og því dróst vöruinnflutningurinn saman að raungildi um 0,4%.


**Tafla 4. Verð- og magnvísítölur út- og innflutnings og vísitala viðskiptakjara 1998–2007**

Vísitala 2000 = 100	Almennur útflutningur <sup>1</sup>		Almennur innflutningur <sup>2</sup>		
	Verðvísitala	Magnvísitala	Verðvísitala	Magnvísitala	Viðskiptakjör
1998	98,7	93,5	94,0	92,3	105,0
1999	97,5	97,7	93,2	96,5	104,6
2000	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
2001	122,9	107,4	120,0	89,2	102,5
2002	120,1	115,3	115,8	87,5	103,7
2003	108,3	115,1	111,4	99,0	97,2
2004	109,9	125,7	115,6	113,0	95,1
2005	105,5	119,9	111,3	140,1	94,7
2006	132,7	116,8	131,1	154,4	101,2
2007	136,0	128,7	134,7	153,7	101,0

<sup>1</sup> Allur útflutningur að frátöldum „öðrum vörum“ (í vöruflokkun Hagstofu Íslands).

<sup>2</sup> Allur innflutningur að frátöldum skipum, flugvélum og vörum ót.a. (liður 7 í hagrænni flokkun innflutnings).

**Mynd 4. Magnvísítölur útflutnings, innflutnings og vergrar landsframleiðslu 1990–2007**




### Útflutningur og innflutningur eftir helstu vöruflokkum

Útflutningur jókst ...

Heildarútflutningur 2007 á verðlagi hvors árs jókst um 25,7% eða um 62,4 milljarða króna eins og sjá má í töflu 5. Sjávarafurðir voru 41,8% alls útflutnings, eða 127,6 milljarðar, jukust um 2,6% frá fyrra ári, eða um 3,2 milljarða. Á mynd 5 sést að hlutfall sjávarafurða í vöruútflutningi hefur síðustu ár lækkað smám saman, á meðan hlutfall iðnaðarvara í útflutningi hefur hækkað. Á árinu 2007 er aðeins sjónarmunur á hlutdeild sjávarafurða og iðnaðarvara þar sem sjávarafurðir voru 41,8% alls útflutnings, eins og áður hefur komið fram, en hlutdeild iðnaðarvara var 38,9% af heildarútflutningi 2007. Á árinu 2007 vó útflutningur á botnfiski mest í útflutningi sjávarafurða, 27,7% af heildarútflutningi, þá sérstaklega útflutningur á þorski sem var 16,2% alls útflutnings eða 49,4 milljarðar. Þær tegundir sem komu næst útflutningi á þorski voru ýsa með 16,5 milljarða króna útflutning, loðna með 9,9 milljarða króna útflutning og síld með 9,4 milljarða króna útflutning. Aukningu í útflutningi sjávarafurða mátti einna helst rekja til aukins útflutnings á loðnu, 3,5 milljarða, og ýsu, 3,2 milljarða, en á móti kom samdráttur í útflutningi á karfa um 1,9 milljarða og rækju um 1,0 milljarð.

Iðnaðarvörur voru 38,9% alls útflutnings og jókst verðmæti þeirra um 27,5% eða 25,6 milljarða. Í útflutningi iðnaðarvara munar mestu um ál en útflutningur þess varð 80,3 milljarðar eða 26,3% af heildarútflutningi, jókst um 40,8% eða 23,2 milljarða og var jafnframt sá liður iðnaðarvara sem jókst mest í krónum talið frá fyrra ári. Útflutningur á kísiljárni, 7,9 milljarðar, og á lyfjavörum, 5,9 milljarðar, komu næst áli í útflutningi iðnaðarvara. Í útflutningi á öðrum vörum átti útflutningur á flugvélum stærsta hlutdeild en hann nam 44,6 milljörðum á árinu 2007.


**Mynd 5. Útflutningur eftir vöruflokkum (Hagstofuflokkun) árin 1840–2007**



... en innflutningur dróst saman

Heildarinnflutningur á verðlagi hvors árs dróst saman um 1,1% eða um 4,7 milljarða eins og sjá má í töflu 6. Stærstu liðir innflutningsins voru hrá- og rekstrarvörur, 26,7% af heildarinnflutningi, eða 114,3 milljarðar, fjárfestingarvörur, 21,5% eða 91,8 milljarðar og flutningatæki, 20,5% eða 87,6 milljarðar. Í krónum talið varð mestur samdráttur í innflutningi fjárfestingavöru eða um 11,0 milljarða og flutningatækja um 9,3 milljarða en samdrátt í innflutningi flutningatækja má nær eingöngu rekja til samdráttar í innflutningi á flugvélum um 14,5 milljarða. Á móti jókst innflutningur á hrá- og rekstrarvöru og neysluvöru um 6 milljarða, hvort fyrir sig.

**Mynd 6. Innflutningur eftir hagrænni flokkun árið 2007, %**




## Utanríkisverslun eftir markaðssvæðum og löndum

78,4% af útflutningi til EES og 64,6% af innflutningi frá EES


Evrópska efnahagssvæðið<sup>1</sup> var stærsta markaðssvæði Íslendinga árið 2007 en 78,4% af útflutningi fór til þess árið 2007. Hlutdeild EES ríkja er því sem næst sí sama og á árinu 2003 en þá var hún 78,3% eins og sést í töflu 7. Hins vegar komu 64,6% af innflutningi frá EES, samanborið við 70,9% frá árinu 2003 eins og sést í töflu 8. Á sama tímabili hefur útflutningur til Bandaríkjanna dregist saman en innflutningur frá Bandaríkjunum aukist. Útflutningur til Japan og innflutningur frá Japan hefur aukist.

Íslendingar fluttu út mest til Hollands en innflutningur var mestur frá Bandaríkjunum. Sundurliðun á viðskiptum einstakra landa má sjá á vef Hagstofunnar, [www.hagstofa.is/utanrikisverslun](http://www.hagstofa.is/utanrikisverslun).

**Mynd 7. Útflutningur eftir markaðssvæðum árin 2003–2007**



**Mynd 8. Innflutningur eftir markaðssvæðum árin 2003–2007**



<sup>1</sup> EES-ríkin eru 29 ESB-ríki ásamt EFTA-ríkjum að Sviss undanskildu. Öll löndin eru meðtalin á tímabilinu. Á árinu 2007 bættust Búlgaria og Rúmenía við ESB-ríki.

*Holland helsta útflutningsland  
Íslendinga*

Hlutur fimm helstu útflutningslandanna var tæp 61% af heildarútflutningi Íslendinga 2007 samanborið við 64% árið 2006 og tæp 62% árið 2005 (töflur 7 og 9). Holland var helsta útflutningsland Íslendinga árið 2007, eins og árið á undan. Verðmæti útflutnings til Hollands nam þá 64,9 milljörðum króna, 21,3% af heildarútflutningi og jókst um 60,9% frá árinu 2006 á verðlagi hvors árs. Hlutfall sjávarafurða til Hollands var tiltölulega lágt, eða 14,1% því iðnaðarvörur vógu þyngst í útflutningi þangað, sem aðallega var ál. Aukningu útflutnings til Hollands má aðallega rekja til aukins útflutnings á áli og kísiljárni.

Í utanríkisverslun er almenna reglan sú að útflutningsland er endanlegt neysluland vöru. Ef endanlegt neysluland vöru er ekki þekkt þegar útflutningurinn á sér stað er verður útflutningslandið viðskiptalandið. Varðandi álútflutning til Hollands er vitað að verulegur hluti hans er fluttur áfram til annarra ríkja og í því tilviki er Holland viðskiptalandið en ekki endanlegt neysluland vörunnar. Hafa skal hliðsjón af þessari staðreynd þegar tölur um útflutning til Hollands eru skoðaðar.

Íslendingar seldu næst mest til Þýskalands á árinu 2007 sem var í þriðja sæti árið á undan. Þangað var flutt út fyrir 40,8 milljarða króna, 13,4% af heildarútflutningi. Útflutningur til Þýskalands jókst um 12,3% frá fyrra ári, á verðlagi hvors árs. Iðnaðarvörur vógu þyngst í útflutningi til Þýskalands eða 78,7%. Aukningu útflutnings til Þýskalands má aðallega rekja til aukins útflutnings á áli.

Bretland var þriðja í röðinni, en var í öðru sæti árið á undan. Sala þangað nam 40,3 milljörðum eða 13,2% af heildarútflutningi, jókst um 6,3% frá fyrra ári á verðlagi hvors árs. Hlutfall sjávarafurða í útflutningi til Bretlands var 85,9%, mestmagns þorskur og ýsa. Aukning á útflutningi til Bretlands var aðallega vegna aukins útflutnings á sjávarafurðum.

*Bandaríkin helsta  
innflutningsland Íslendinga*

Innflutningur frá fimm helstu innflutningslöndunum nam alls tæpum 49% af heildarinnflutningi árið 2007 samanborið við 45% árið 2006 og 46% árið 2005 (töflur 8 og 10). Árið 2007 var mestur innflutningur til Íslands frá Bandaríkjum, eins og árið á undan. Árið 2007 voru fluttar inn vörur frá Bandaríkjum fyrir 57,6 milljarða króna, 13,5% af heildarinnflutningi og jókst innflutningur þaðan að verðmæti um 3,8% frá fyrra ári á verðlagi hvors árs. Stærsti hluti innfluttra vara frá Bandaríkjum árið 2007 voru vélar og samgöngutækji. Aukningu á innflutningi frá Bandaríkjum má einna helst rekja til innflutnings á hráefni en á móti verð samdráttur í innflutningi á vélum og samgöngutækjum.


Árið 2007 var næst mest flutt inn frá Þýskalandi eins og árið á undan og nam verðmæti innflutnings þaðan 51,6 milljörðum króna, 12,1% af heildarinnflutningi og dróst innflutningur frá Þýskalandi saman um 2,8% frá árinu 2006, á verðlagi hvors árs. Stærsti hluti þessa innflutnings voru vélar og samgöngutækji en innflutningur þeirra dróst mest saman.

Svíþjóð var í þriðja sæti innflutningslanda árið 2007, en í fjórða sæti árið 2006, með innflutning að verðmæti 42,8 milljarða króna, 10,0% af heildarinnflutningi. Innflutningur frá Svíþjóð jókst að verðmæti um 42,5% frá fyrra ári á verðlagi hvors árs. Mest var flutt inn af eldsneyti frá Svíþjóð og jókst innflutningur frá Svíþjóð vegna þessa.


Myndir 9 og 10 sýna útflutning og innflutning eftir helstu viðskiptalöndum árið 2007 og vöruskiptajöfnuð við helstu viðskiptalönd árið 2007. Þar sést að umtals-

verður afgangur var á viðskiptum við Holland en halli á viðskiptum við Svíþjóð og Bandaríkin.

**Mynd 9. Út- og innflutningur eftir helstu viðskiptalöndum árið 2007**



**Mynd 10. Vöruskiptajöfnuður við helstu viðskiptalönd árið 2007**



Greining utanríkisverslunar eftir vöruflokkum og markaðssvæðum (töflur 11 og 12) sýnir að EES ríki áttu mesta hlutdeild í útflutningnum 2007, 78,4%. Sjávarafurðir voru 41,8% alls útflutningsins og af þeim voru 80,0% flutt út til EES ríkja. Þessi lönd keyptu 87,2% af þeim iðnaðarvörum sem Íslendingar fluttu út. Í innflutningnum vógu hrávörur og rekstrarvörur þyngst (26,7%) og af þeim voru 67,9% flutt inn frá EES ríkjunum. Um 87,0% eldsneytis og um 71,4% fjárfestingarvara kom frá EES ríkjum.

Á vef Hagstofunnar ([www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)) er hægt að nálgast allar upplýsingar um innflutning og útflutning, til dæmis eftir mánuðum, gjaldmiðlum, vöruflokkum SITC, hagrænni flokkun BEC, útflutning eftir vöruflokkum Hagstofu og vinnslugreinum. Einnig eru upplýsingar um utanríkisverslunina eftir löndum, markaðssvæðum og löndum og flokkunum.

**Tafla 5. Útflutningur eftir vöruflokkum árin 2006–2007**

Fob-verð á gengi hvors árs	2006			2007			Breyting frá fyrra ári, %
	Tonn	Millj. kr.	%	Tonn	Millj. kr.	%	
<b>Samtals</b>	<b>1.462.299,4</b>	<b>242.740,0</b>	<b>100,0</b>	<b>1.667.389,0</b>	<b>305.095,8</b>	<b>100,0</b>	<b>25,7</b>
<b>1 Sjávarafurðir</b>	<b>661.197,2</b>	<b>124.375,0</b>	<b>51,2</b>	<b>619.534,0</b>	<b>127.618,6</b>	<b>41,8</b>	<b>2,6</b>
11 Uppsjávarfiskur	295.808,7	19.748,0	8,1	284.542,7	22.025,7	7,2	11,5
110 Síld	133.028,9	9.823,6	4,0	140.660,8	9.413,2	3,1	-4,2
111 Loðna	103.590,1	6.340,6	2,6	103.853,2	9.877,6	3,2	55,8
112 Kolmunni	46.336,0	3.414,1	1,4	38.552,5	2.708,6	0,9	-20,7
113 Makríll	190,9	11,0	0,0	54,2	4,2	0,0	-61,6
119 Annar uppsjávarfiskur	12.662,7	158,8	0,1	1.422,1	22,0	0,0	-86,1
12 Botnfiskur, helstu tegundir	242.981,3	81.922,5	33,7	236.748,4	84.523,7	27,7	3,2
120 Þorskur	109.248,4	47.913,4	19,7	100.375,8	49.433,7	16,2	3,2
121 Ýsa	41.988,5	13.358,8	5,5	47.509,5	16.552,1	5,4	23,9
122 Ufsi	32.933,6	6.580,9	2,7	29.795,8	6.045,8	2,0	-8,1
123 Karfi	44.923,4	10.046,1	4,1	43.917,7	8.189,3	2,7	-18,5
124 Steinbítur	7.302,1	1.933,9	0,8	7.510,3	1.906,2	0,6	-1,4
125 Langá	3.258,7	1.009,4	0,4	3.567,0	1.065,6	0,3	5,6
126 Blálanga	5,1	1,7	0,0	33,8	10,8	0,0	553,1
127 Keila	1.252,4	390,0	0,2	1.809,7	514,0	0,2	31,8
128 Skötuselur	1.844,2	659,7	0,3	2.124,5	785,5	0,3	19,1
129 Skata	224,9	28,6	0,0	104,2	20,8	0,0	-27,2
13 Botnfiskur, annar	17.650,5	4.019,9	1,7	18.784,5	3.782,0	1,2	-5,9
130 Gulllax	2.908,0	265,7	0,1	2.699,5	238,3	0,1	-10,3
131 Háfur og annar háfiskur	47,3	7,0	0,0	58,0	8,6	0,0	22,4
132 Lýsingur	1,0	0,1	0,0	2,6	0,3	0,0	103,4
133 Túnfiskur	9,0	1,1	0,0	2,9	1,4	0,0	32,6
138 Grásleppa	574,2	234,5	0,1	529,5	235,9	0,1	0,6
139 Annar botnfiskur	14.111,0	3.511,5	1,4	15.492,1	3.297,4	1,1	-6,1
14 Flatfiskur	18.286,0	6.390,6	2,6	16.890,2	5.550,3	1,8	-13,1
140 Grálúða	8.877,1	3.158,0	1,3	7.774,1	2.284,5	0,7	-27,7
141 Lúða	593,5	301,8	0,1	1.047,8	437,1	0,1	44,8
142 Skarkoli	3.028,4	808,4	0,3	3.037,9	909,9	0,3	12,6
143 Sólflúra	528,4	141,1	0,1	519,6	171,1	0,1	21,2
149 Annar flatfiskur	5.258,6	1.981,3	0,8	4.510,8	1.747,7	0,6	-11,8
16 Krabbadýr, skeldýr og lindýr	21.913,6	8.748,9	3,6	17.672,0	7.947,5	2,6	-9,2
160 Rækja	20.399,4	7.435,9	3,1	15.579,6	6.390,7	2,1	-14,1
161 Humar	1.133,1	1.203,3	0,5	1.149,6	1.342,4	0,4	11,6
163 Kræklingur	0,1	0,0	0,0	0,8	0,4	0,0	•
164 Smokkfiskur	127,9	12,5	0,0	25,7	2,3	0,0	-81,5
165 Ígulker	0,5	0,2	0,0	2,7	5,4	0,0	•
166 Kúfiskur	33,7	5,6	0,0	459,5	80,6	0,0	•
167 Beitukóngur	2,7	1,3	0,0	—	—	•	•
168 Sæeyra	0,2	0,5	0,0	0,5	1,3	0,0	169,4
169 Krabbadýr, skeldýr og lindýr ót.a.	216,1	89,6	0,0	453,4	124,3	0,0	38,7
19 Aðrar sjávarafurðir	64.556,7	3.544,7	1,5	44.896,2	3.789,4	1,2	6,9
<b>2 Landbúnaðrvörur</b>	<b>18.689,6</b>	<b>4.335,0</b>	<b>1,8</b>	<b>12.527,2</b>	<b>3.496,3</b>	<b>1,1</b>	<b>-19,3</b>
21 Fiskeldi	5.217,7	1.932,8	0,8	2.186,8	1.125,2	0,4	-41,8
22 Búfé	442,9	427,1	0,2	455,0	483,3	0,2	13,2
23 Afurðir sláturdýra	4.810,3	1.336,6	0,6	3.334,1	1.193,1	0,4	-10,7
24 Mjólk og mjólkurvörur	588,9	97,2	0,0	1.079,5	263,6	0,1	171,3
25 Aðrar land- og sjávarnyttjar	7.246,1	493,0	0,2	4.724,9	373,1	0,1	-24,3
29 Aðrar landbúnaðrvörur	383,7	48,4	0,0	746,9	58,1	0,0	20,0

Tafla 5. Útflutningur eftir vöruflokkum árin 2006–2007 (frh.)

Fob-verð á gengi hvors árs	2006			2007			Breyting frá fyrra ári, %
	Tonn	Millj. kr.	%	Tonn	Millj. kr.	%	
<b>3 Iðnaðarvörur</b>	<b>629.755,2</b>	<b>93.020,3</b>	<b>38,3</b>	<b>780.721,1</b>	<b>118.580,6</b>	<b>38,9</b>	<b>27,5</b>
31 Matur og drykkjarvara	13.025,3	1.614,7	0,7	15.265,2	1.839,5	0,6	13,9
310 Fiskmeti	2.519,5	1.077,7	0,4	2.804,4	1.165,7	0,4	8,2
317 Sælgæti	97,9	56,6	0,0	112,3	59,1	0,0	4,4
318 Drykkjarvörur	10.127,1	367,3	0,2	11.995,0	470,1	0,2	28,0
319 Önnur matvara	280,8	113,1	0,0	353,5	144,7	0,0	27,9
33 Fóðurvörur	1.794,7	155,3	0,1	1.201,6	128,8	0,0	-17,1
34 Heilbrigðis- og hreinlætisvörur	752,3	11.519,0	4,7	775,5	9.778,0	3,2	-15,1
340 Lyfjavörur	476,2	5.724,5	2,4	552,6	5.882,3	1,9	2,8
341 Tæki og vörur til lækninga	234,7	5.704,3	2,3	185,4	3.808,6	1,2	-33,2
344 Hreinlætis- og snyrtivörur	41,4	90,1	0,0	37,5	87,1	0,0	-3,4
35 Skinna- og textflvörur	332,2	466,3	0,2	489,2	375,6	0,1	-19,5
36 Unnin jarðefni	600.220,0	69.129,3	28,5	736.505,3	93.143,8	30,5	34,7
360 Ál	303.297,8	57.027,3	23,5	446.297,2	80.266,5	26,3	40,8
361 Kísiljárn	103.572,9	5.880,4	2,4	124.989,2	7.939,8	2,6	35,0
363 Salt	2.647,3	146,7	0,1	5.934,2	165,3	0,1	12,7
364 Steinull	3.020,1	149,9	0,1	2.968,2	171,6	0,1	14,5
366 Jarðolfur og olíuvörur	169.437,0	5.657,7	2,3	136.533,6	4.399,3	1,4	-22,2
367 Krýolít	322,9	4,9	0,0	1.286,7	16,5	0,0	239,2
369 Íblöndunarefn fyrir cement	17.922,1	262,5	0,1	18.496,2	184,8	0,1	-29,6
37 Vörur til fiskveiða	2.290,7	2.147,1	0,9	2.730,8	2.727,0	0,9	27,0
370 Rafeindavogir	189,4	1.050,8	0,4	166,1	1.019,7	0,3	-3,0
371 Fiskinet, -línur, kaðlar o.p.h.	609,2	473,6	0,2	593,6	572,8	0,2	20,9
373 Fiskkassar	1.211,9	412,9	0,2	1.051,0	399,2	0,1	-3,3
379 Vörur til fiskveiða ót.a.	280,1	209,9	0,1	920,1	735,2	0,2	250,3
38 Ýmsar iðnaðarvörur	2.052,3	2.646,0	1,1	2.468,1	2.724,7	0,9	3,0
381 Umbúðir	1.433,6	249,9	0,1	1.607,2	256,8	0,1	2,8
382 Álpönnur	61,9	41,2	0,0	0,1	0,2	0,0	-99,4
383 Vélar til matvælaframleiðslu	556,8	2.354,9	1,0	860,8	2.467,7	0,8	4,8
39 Aðrar iðnaðarvörur	9.287,7	5.342,6	2,2	21.285,5	7.863,3	2,6	47,2
<b>4 Aðrar vörur</b>	<b>152.657,4</b>	<b>21.009,7</b>	<b>8,7</b>	<b>254.606,7</b>	<b>55.400,4</b>	<b>18,2</b>	<b>163,7</b>
41 Jarðefni	84.604,6	268,6	0,1	125.061,9	382,6	0,1	42,5
42 Endurheimtar vörur	57.223,5	1.067,1	0,4	105.354,8	1.850,4	0,6	73,4
43 Flutningsför	9.005,8	17.585,0	7,2	18.073,6	49.689,3	16,3	182,6
430 Notuð skip	6.390,2	1.406,9	0,6	12.848,2	3.162,5	1,0	124,8
432 Flugvélar	983,4	15.030,9	6,2	1.876,7	44.578,7	14,6	196,6
433 Bílar, notaðir eða endurseldir	1.632,2	1.147,2	0,5	3.348,6	1.948,2	0,6	69,8
49 Aðrar vörur	1.823,6	2.088,9	0,9	6.116,3	3.478,0	1,1	66,5

**Tafla 6. Innflutningur eftir hagrænni flokkun árin 2006–2007**

Cif-verð á gengi hvors árs	2006			2007			Breyting frá fyrra ári, %
	Tonn	Millj. kr.	%	Tonn	Millj. kr.	%	
<b>Samtals</b>	<b>3.873.705,0</b>	<b>432.106,3</b>	<b>100,0</b>	<b>4.004.521,3</b>	<b>427.382,5</b>	<b>100,0</b>	<b>-1,1</b>
<b>1 Matvörur og drykkjarvörur</b>	<b>217.839,8</b>	<b>26.007,0</b>	<b>6,0</b>	<b>229.370,8</b>	<b>28.912,6</b>	<b>6,8</b>	<b>11,2</b>
111 Óunnar, einkum til iðnaðar	91.904,5	5.599,0	1,3	96.043,7	6.031,7	1,4	7,7
112 Óunnar, einkum til heimilisnota	32.855,9	4.495,4	1,0	35.166,2	4.834,5	1,1	7,5
121 Unnar, einkum til iðnaðar	24.369,2	1.365,1	0,3	23.572,6	1.638,9	0,4	20,1
122 Unnar, einkum til heimilisnota	68.710,1	14.547,5	3,4	74.588,2	16.407,5	3,8	12,8
<b>2 Hrávörur og rekstrarvörur, ót.a.</b>	<b>2.307.846,4</b>	<b>108.297,3</b>	<b>25,1</b>	<b>2.306.034,0</b>	<b>114.313,7</b>	<b>26,7</b>	<b>5,6</b>
210 Óunnar	750.471,4	5.169,5	1,2	657.436,2	5.857,6	1,4	13,3
220 Unnar	1.557.375,0	103.127,8	23,9	1.648.597,9	108.456,0	25,4	5,2
<b>3 Eldsneyti og smurolífur</b>	<b>918.458,7</b>	<b>36.411,8</b>	<b>8,4</b>	<b>1.007.133,7</b>	<b>37.185,7</b>	<b>8,7</b>	<b>2,1</b>
310 Óunnið eldsneyti	92.337,5	1.030,5	0,2	140.395,7	1.414,4	0,3	37,3
321 Bensín, þ.m.t. flugvélabensín	166.009,1	7.574,2	1,8	157.444,3	7.256,6	1,7	-4,2
322 Annað unnið eldsneyti og smurolífur	660.112,1	27.807,1	6,4	709.293,6	28.514,7	6,7	2,5
<b>4 Fjárfestingarvörur (þó ekki flutningatæki)</b>	<b>286.069,0</b>	<b>102.872,7</b>	<b>23,8</b>	<b>315.402,8</b>	<b>91.829,2</b>	<b>21,5</b>	<b>-10,7</b>
410 Fjárfestingarvörur	78.268,4	70.723,5	16,4	61.557,2	60.869,7	14,2	-13,9
420 Hlutar til þeirra	207.800,6	32.149,2	7,4	253.845,6	30.959,6	7,2	-3,7
<b>5 Flutningatæki</b>	<b>72.854,1</b>	<b>96.880,5</b>	<b>22,4</b>	<b>70.820,0</b>	<b>87.625,3</b>	<b>20,5</b>	<b>-9,6</b>
510 Fólksbílar (þó ekki almenningssvagnar)	30.532,0	27.273,1	6,3	29.902,0	29.570,7	6,9	8,4
521 Flutningatæki til atvinnureksturs (ekki skip eða flugvélar)	20.677,8	13.630,2	3,2	19.099,8	13.503,6	3,2	-0,9
522 Önnur flutningatæki, til einkanota	2.501,8	2.451,6	0,6	2.828,3	3.049,7	0,7	24,4
530 Hlutar til flutningatækja	10.212,8	9.766,6	2,3	10.717,0	12.138,0	2,8	24,3
540 Skip	7.161,5	3.468,5	0,8	6.215,1	3.608,6	0,8	4,0
550 Flugvélar	1.768,2	40.290,5	9,3	2.057,9	25.754,8	6,0	-36,1
<b>6 Neysluvörur ót. a.</b>	<b>69.693,2</b>	<b>61.185,7</b>	<b>14,2</b>	<b>75.360,2</b>	<b>67.150,0</b>	<b>15,7</b>	<b>9,7</b>
610 Varanlegar (t.d. heimilistæki)	28.465,8	17.540,0	4,1	31.973,5	20.378,3	4,8	16,2
620 Hálf-varanlegar (t.d. fatnaður)	19.062,3	22.551,7	5,2	19.798,4	24.189,5	5,7	7,3
630 Óvaranlegar (t.d. tóbak, lyf)	22.165,1	21.094,1	4,9	23.588,3	22.582,2	5,3	7,1
<b>7 Vörur ót.a. (t.d. endursendar vörur)</b>	<b>943,8</b>	<b>451,2</b>	<b>0,1</b>	<b>399,7</b>	<b>366,1</b>	<b>0,1</b>	<b>-18,9</b>
700 Vörur ót.a. (t.d. endursendar vörur)	943,8	451,2	0,1	399,7	366,1	0,1	-18,9

**Tafla 7. Útflutningur eftir markaðssvæðum árin 2003–2007**

Fob-verð á gengi hvers árs	2003		2004		2005		2006		2007		Breyting 06–07
	Millj. kr.	%									
<b>Samtals</b>	<b>182.580,0</b>	<b>100,0</b>	<b>202.373,0</b>	<b>100,0</b>	<b>194.355,3</b>	<b>100,0</b>	<b>242.740,0</b>	<b>100,0</b>	<b>305.095,8</b>	<b>100,0</b>	<b>25,7</b>
<b>EES</b>	<b>142.954,5</b>	<b>78,3</b>	<b>158.370,5</b>	<b>78,3</b>	<b>150.248,6</b>	<b>77,3</b>	<b>181.970,3</b>	<b>75,0</b>	<b>239.116,4</b>	<b>78,4</b>	<b>31,4</b>
Austurríki	268,4	0,1	415,4	0,2	522,5	0,3	496,3	0,2	755,8	0,2	52,3
Belgía	3.215,8	1,8	3.665,4	1,8	4.094,5	2,1	4.734,7	2,0	4.997,7	1,6	5,6
Bretland	31.990,1	17,5	38.521,4	19,0	34.614,5	17,8	37.939,3	15,6	40.333,8	13,2	6,3
Búlgaríja	5,4	0,0	50,9	0,0	117,1	0,1	157,6	0,1	210,6	0,1	33,6
Danmörk	9.315,3	5,1	9.580,9	4,7	8.083,0	4,2	8.501,7	3,5	10.080,3	3,3	18,6
Eistland	237,5	0,1	50,9	0,0	24,8	0,0	111,7	0,0	51,7	0,0	-53,7
Finnland	1.336,0	0,7	1.022,1	0,5	770,0	0,4	786,6	0,3	1.080,3	0,4	37,3
Frakkland	7.381,5	4,0	8.155,1	4,0	7.235,6	3,7	8.224,5	3,4	7.827,3	2,6	-4,8
Grikland	2.113,7	1,2	2.323,3	1,1	1.353,0	0,7	2.215,0	0,9	1.902,1	0,6	-14,1
Holland	20.459,9	11,2	21.753,8	10,7	24.296,7	12,5	40.317,7	16,6	64.885,8	21,3	60,9
Írland	342,9	0,2	351,1	0,2	2.173,3	1,1	1.208,2	0,5	23.077,4	7,6	•
Ítalía	2.464,7	1,3	2.180,3	1,1	1.886,5	1,0	1.829,3	0,8	1.991,2	0,7	8,9
Kýpur	149,5	0,1	24,8	0,0	58,5	0,0	49,7	0,0	40,2	0,0	-19,1
Lettland	195,9	0,1	250,9	0,1	280,1	0,1	228,0	0,1	68,3	0,0	-70,0
Liechtenstein	0,1	0,0	1,9	0,0	—	•	—	•	1,9	0,0	•
Litháen	1.295,3	0,7	1.927,8	1,0	2.504,6	1,3	3.298,1	1,4	2.763,9	0,9	-16,2
Lúxemborg	54,4	0,0	176,8	0,1	59,5	0,0	77,9	0,0	93,7	0,0	20,3
Malta	83,9	0,0	183,5	0,0	242,1	0,1	196,2	0,1	131,5	0,0	-33,0
Noregur	8.157,4	4,5	6.086,9	3,0	5.202,0	2,7	9.633,1	4,0	11.565,0	3,8	20,1
Portúgal	6.916,4	3,8	6.816,4	3,4	5.152,2	2,7	5.458,3	2,2	7.560,0	2,5	38,5
Pólland	1.120,7	0,6	2.394,6	1,2	3.983,9	2,0	1.900,7	0,8	1.909,4	0,6	0,5
Rúmenía	56,1	0,0	73,8	0,0	14,4	0,0	162,8	0,1	129,3	0,0	-20,6
Slóvakía	15,9	0,0	10,0	0,0	17,8	0,0	129,0	0,1	151,4	0,0	17,4
Slóvenía	8,3	0,0	17,0	0,0	30,4	0,0	15,5	0,0	33,0	0,0	112,9
